



Árskýrsla skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar 2011



Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2011

Gefin út 2012.

Ábyrgð: Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri.

Töflur og myndir: Hallgerður Inga Gestsdóttir.

Umsjón: Sigrún Björnsdóttir.

Hönnun og umbrot: Kristján Sigurðsson.

Ljósmyndir: Sigrún Björnsdóttir, Helga Björnsdóttir, Harpa Hrund Njálisdóttir og fleiri.

ISSN 1670-6951

Helstu heimildir:

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Fundargerðir skóla- og frístundasráðs.

Niðurstöður ýmissa kannanna

Fyrri ársskýrslur

Fréttatilkynningar

Heimasíða skóla- og frístundasviðs, www.skolaogfristundasvid.is

Frá formanni

Árið 2011 var viðburðaríkt ár í skóla- og frístundamálum Reykjavíkurborgar. Hæst ber að á vordögum var samþykkt tillaga borgarstjóra um að Menntasvið, Leikskólasvið og frístundahluti ÍTR myndu renna saman í eitt fagsvið og verða að skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Þar með var öll stefnumótun tengd menntun, félagsþroska, uppeldi og umönnun barna og unglinga komin á sömu hendi til að auðvelda yfirsýn og bæta skóla- og frístundastarf, sem og þjónustu við fjölskyldur í borginni.

Hið nýja svið varð formlega til á haustdögum árið 2011 og á sama tíma varð til nýtt skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar skipað fulltrúum úr fyrrum leikskóla- og menntaráði sem og íþrótta- og tólmstundaráði.



Við eigum börnin saman. En það er erfitt að halda utan um stundum flókna tilveru barna, unglinga og fjölskyldna þeirra ef skóla- og frístundastarf er á ábyrgð margra ólíkra stofnanna. Markmiðið með stofnun nýs sviðs er að brjóta niður múra og tryggja samstarf og samtal fagstétta sem mennta og þroska okkar dýrmætustu borgara. Þverfaglegt samstarf styrkir okkur sem fagfólk. En slíkt samstarf býr líka til ný verkefni, leysir upp hnúta og skapar góðar uppeldisadstæður fyrir börn sem verða krakkar, unglingar og ungt fólk sem leggur af stað út í lífið. Þannig borg vill Reykjavík vera, borg sem heldur vel utan um æskuna og öll börn fá að njóta sín.

Á árinu 2011 var unnið með starfs- og verkefnaáætlun nýs meirihluta í borgarstjórn sem kennd var við **10 rauða þræði og einn grænan**. Mörgum brýnum verkefnum úr þeirri áætlun var hrint í framkvæmd og bar hæst vinnu starfshóps um endurskipulagningu á skóla- og frístundastarfi í Reykjavík sem tók til bæði leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Ítarleg greining fór fram á skólagæðum, stærðum skóla og endurskipulag á yfirstjórn sem leiddi til þess að tekin var ákvörðun um sameiningu skóla, stækkun unglingadeilda í grunnskólum borgarinnar, samþættingu skóla- og frístundastarfs í tilraunaskyni og til muna betri nýtingu á skólahúsnæði.

Starfshópur skilaði af sér skýrslu um námsárangur drengja og tillögum að úrbótum þar um. Ný nálgun við úthlutun fjármagns til sérkennslu í leikskólum tekur nú meira mið af ráðgjöf til leikskólanna sjálfra og sérkennslustefna grunnskólanna var tekin til endurskoðunar. Tveir sérskólar sameinuðust í einn öflugan skóla sem hlaut nafnið **Klettaskóli** og er til húsa í gamla Öskjuhlíðarskólanum.

Verkefni um **Menningarfána**, hvers markmið er að fleiri börn fái notið menningaruppeldis, var ýtt úr vör. Leikskólar, frístundaheimili og grunnskólar sækja í sameiningu um **Menningarfánann** og hann ýtir því undir samstarf í hverfum borgarinnar.

Börnum fjölga hratt í Reykjavík og við gleðjumst yfir því. Fé til Leikskólasviðs var aukið um 500 milljónir á árinu 2011, að stórum hluta til að mæta barnafölgun í þjónustu dagforeldra og leikskóla svo þjóða mætti öllum börnum fæddum 2009 leikskólavistun að hausti. Barnafölguninni var líka mætt með viðbótahúsnæði við 10 leikskóla í borginni en skapa þurfti 215 ný leikskólapláss án nýbygginga. Unnið var að uppsetningu færanlegs húsnæðis yfir sumarmánuðina og lauk endanlegum frágangi í september.

Á haustmánuðum kom í ljós að hægt var að innrita 230 börn fædd árið 2010 í leikskóla borgarinnar vegna þess viðbótahúsnæðis sem komið hafði verið upp. Foreldrar hafa tekið fagnandi þeirri þróun að borgin leigir nú út í ríkari mæli svokölluð gæsluvalarhús, sem og skólagarðahús fyrir þjónustu dagforeldra. Dagforeldrar hafa sjaldan verið fleiri í borginni, enda sjaldan fæðst jafn mörg börn og þessi árin.

Unnið var að stefnumótun og framtíðarsýn frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila, auk metnaðarfullra viðmiða um gæði í frístundastarfi. ÍTR fagnaði 25 ára afmæli á árinu og var tímamótanna minnst með margvíslegum hætti.

Frístundaheimilin héldu áfram sínu góða starfi og könnun sem gerð var meðal foreldra sýndi mikla ánægju þeirra með starfið. 88% foreldra töldu barn sitt mjög eða frekar ánægt á frístundaheimilinu og 87% voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna. Fjöldi barna í frístund slær met á hverju ári og árið 2011 var þar engin undantekning.

Stefnumótun um tónlistarfræðslu leit dagsins ljós á árinu og tímamótasamkomulag var gert milli ríkis og sveitarfélaga um framhaldsnám í tónlist. Þá skilaði starfshópur um virkara samstarf skóla og skólaforeldra af sér metnaðarfullri áætlun sem m.a. var framfylgt með símenntun til skólastjórnenda um foreldrasamstarf.

Námsflokkar Reykjavíkur og mennta- og menningarmálaráðuneytið gerðu með sér samning um kennslu 16-18 ára nemenda sem ekki ná fótfestu innan veggja framhaldsskólans og frábært samstarfsverkefni, tónvísindasmiðjurnar **Biophilia**, fór af stað að frumkvæði tónlistarkonunnar Bjarkar Guðmundsdóttur. Í þeim komu saman til samstarfs grunnskólabörn, skólahljómsveitir, tónmenntakennarar, náttúrufræðikennarar og tónlistarskólar og fræðimenn í Háskóla Íslands og tengdu saman vísindauppgötvani og tónlist á frumlegan og skapandi hátt.

Námsárangur og vellíðan barna næst ekki nema með góðri og markvissri samvinnu heimila og skóla. Á árinu 2011 jókst umtalsvert heildaránægja foreldra með skóla síns barns og hefur ekki mælst hærrí í tíu ár. Foreldrar leikskólabarna eru ekki síður ánægðir, 97% foreldra töldu að börnum þeirra líði mjög vel og væru ánægð í leikskólanum og 95% töldu samskipti við leikskólann vera góð. Þetta var umtalsvert meiri ánægja en mældist á árinu 2009. Á nýju sameinuðu sviði nýtur frístundastarfið góðs af langri hefð mælinga á öllum mögulegum þáttum og hafin er vinna við að útbúa gæðaviðmið fyrir fagstarfið, sem og aðrar mælingar til að gera gott frístundastarf betra. Það er ástæða til að gleðjast yfir góðu gengi – en við ætlum að gera enn betur.

Unnið var að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í leikskólunum og gefin var út handbók um gönguleiðir í miðborginni **Ævintýri á gönguför**. Unnið var að stefnumótun um innra mat í leikskólun og hófu 7 skólar undirbúningsvinnu á því sviði. Starfshópar unnu að stefnumótun í málaflokkum eins og um samstarf skólastiga, um málþroska og læsi, að málefnum yngstu barnanna, foreldrasamstarfi og innra mati á leikskólastarfi.

Síðastliðin ár hefur stöðug krafa um aðhald og sparnað verið nauðsynleg í öllum rekstri sveitarfélaga. Þar er Reykjavík ekki undanskilin. Við erum komin yfir erfiðasta hjallann þó það verði áfram okkar markmið að sýna aðhald og nýta sem best fjármuni úr sameiginlegum sjóðum borgarbúa. Þannig sköpum við nauðsynlegt svigrúm til að byggja upp metnaðarfullt skólastarf sem fyllir okkur stolti. Við eigum frábært fagfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Mestu auðævin eru þó fólgin í börnum og ungmennum í Reykjavík, krafti þeirra, gleði og skapandi huga. Framtíðin er þeirra og henni þurfum við ekki að kvíða.

Metnaður og umhyggja fyrir börnum og ungmennum í borginni hefur einkennt störf starfsfólks skóla- og frístundasviðs, áður Menntasviðs, Leikskólasviðs og ÍTR, frístundahluta á árinu 2011. Ég þakka öllu starfsfólki fyrir gott og gjöfult samstarf og hlakka til næstu ára.

Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs.

Oddný Sturludóttir

Skóla- og frístundamál sameinuð undir eitt svið


Í byrjun árs 2011 fluttu skólasviðin af Fríkirkjuvegi 1 inn á Höfðatorg. Starfsmenn komu sér fyrir á 5. hæð í Borgartúni 12-14. Um miðjan apríl samþykkti borgarráð að sameina Leikskólasvið og Menntasvið undir nýtt fagsvið, skóla- og frístundasvið, svo og þau verkefni sem tilheyrdi skrifstofu tólmstundamála á Þróttla- og tólmstundasviði. Markmið með sameiningu fagsviðanna sem þjóna börnum og ungmennum á leikskólaaldri, grunnskólaaldri og í frítímaþjónustu til 18 ára aldurs var;

- að stuðla að heildstæðri stefnumótun og þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra,
- að efla yfirsýn yfir málaflökkinn og auka samræmingu og samfellu á milli þjónustuþátta
- að efla þverfaglegt samstarf starfsfólks til að styrkja og samþætta þá nauðsynlegu fagmennsku sem er forsenda heildstæðrar þjónustu.

Ragnar Þorsteinsson sem starfað hafði sem fræðslustjóri frá árinu 2007 var ráðinn sviðsstjóri á nýju skóla- og frístundasviði og tók formlega við því embætti 1. september.

Stjórnkerfisbreytingarnar tóku gildi 12. september og hófst þá endurskipulagning starfa og verkefna á sameiginlegu sviði. Á haustmánuðum stóð yfir umfangsmikil vinna við endurskipulag og stefnumótun fyrir hið nýja svið og voru haldnir fjölmennir samráðsfundir í öllum borgarhverfum. Hátt í sjö hundruð manns lögðu þar hönd á plóg, fulltrúar allra undirstofnana og starfsstaða SFS. Einnig sátu fundina fulltrúar þjónustumiðstöðvanna. Stefnumótunarvinnunni lauk í lok ársins. Hið nýja svið fer með rekstur 62 leikskóla, 39 grunnskóla, frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva, frístundaheimila ásamt umsjón með daggæslu í heimahúsum. Rekstur Námsflokka Reykjavíkur og fjögurra skólahljómsveita heyrir einnig undir sviðið.

Nýtt skipurit fyrir sviðið var samþykkt í borgarráði í lok ársins



Fjöldi barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi

1. október 2011

	Fjöldi leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og frístundamidstöðva	Fjöldi barna, nemenda og ungmenna
Leikskólar Reykjavíkur	64	5.790
Sjálfstætt starfandi leikskólar	18	1.003
Grunnskólar Reykjavíkur	38	13.375
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	6	580
Frístundaheimili	36	3.460
Félagsmiðstöðvar/frístundaklúbbar	25	175.152*

*Fjöldi heimsóknna 10-16 ára

Alls 6.793 börn voru í almennum og sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík.

Á árinu 2011 var einn samrekin leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili starfandi í Reykjavík.

Alls 13.955 nemendur voru í almennum og sjálfstætt starfandi grunnskólum í Reykjavík árið 2011.

Það voru starfandi 4 frístundaklúbbar árið 2011.

Samtalstölur heimsóknna 10-12 ára barna í félagsmiðstöðvar og frístundaklúbba voru teknar saman fyrir allt árið og voru þær heimsóknir alls 32.235.

Samtalstölur heimsóknna 13-16 ára barna í félagsmiðstöðvar og frístundaklúbba voru teknar saman fyrir allt árið og voru þær heimsóknir alls 142.917.

Stöðugildi á skóla- og frístundasviði 2011

1. október

	Fjöldi
Stöðugildi í leikskólum	1.373
Stöðugildi í grunnskólum	1.940
Stöðugildi í frístundastarfi	326
Samtals:	3.639



Skipað í nýtt fagráð

Skipað var í nýtt skóla- og frístundaráð á fundi borgarstjórnar 20. september. Ráðið tók yfir stefnumótun menntamála og frístundastarfs barna og ungmenna í leik- og grunnskólum og frístundamiðstöðvum, félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar sem áður fór fram í leikskólaráði, menntaráði og að hluta til í íþróttá- og tómstundaráði.

Fulltrúar í skóla- og frístundaráði:

Oddný Sturludóttir formaður
Hilmar Sigurðsson
Óttarr Ólafur Proppé
Eva Einarsdóttir
Kjartan Magnússon
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Líf Magneudóttir

Foreldrasamtökin **Börnin okkar** og **SAMFOK** eiga áheyrnarfulltrúa í ráðinu, svo og fulltrúar skólastjórnenda og starfsfólks í leikskólum og grunnskólum og forstöðumanna frístundamiðstöðva. Nýtt skóla- og frístundaráð hélt sinn fyrsta fund 28. september.



Hagræðing í rekstrar- umhverfi skóla

Á bilinu 5-600 manns komu á árinu með beinum hætti að margvíslegu samráði um tækifæri til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila í borginni. Óskar J. Sandholt verkefnastjóri vann með starfshópi á vegum borgarstjóra að því að greina tækifæri til hagræðingar og ræddi við alla skólastjórnendur, forstöðumenn frístundamiðstöðva og deildarstjóra barnastarfs hjá ÍTR. Þá voru haldnir samráðsfundir með foreldrum og fulltrúum skóla og frístundaheimila í öllum hverfum borgarinnar og settir voru saman 12 rýnihópar til að ræða þær hugmyndir um samrekstur og sameiningu sem fram komu.

Fundað var með foreldrum í Ráðhúsi og í öllum hverfum borgarinnar í aðdraganda þess að starfshópurinn skilaði tillögum sínum og eins eftir að þær lágu fyrir. Þetta voru miklir hitafundir enda eru skólamál öllu fjölskyldufólki hjartans mál. Hátt í 500 manns sóttu fund í Tjarnarsal Ráðhússins um miðjan febrúar og hverfafundirnir voru líka fjölmennir.

Um 800 ábendingar bárust frá foreldrum leikskóla- og grunnskólabarna svo og starfsfólki skóla og frístundaheimila vegna undirbúnings um sameiningu stofnana í lærdómsumhverfi reykvískra barna. Starfshópurinn vann úr þeim hugmyndum og ábendingum áður en hann skilaði borgarráði 23 tillögum í lok febrúar. Tillögurnar miðuðu að því að finna yfir 300 ný leikskólapláss fyrir stóru fæðingarárgangana 2009 og 2010, bæta nýtingu skólahúsnæðis til muna og draga úr kostnaði við yfirbyggingu í skólakerfi borgarinnar. Leitað var eftir umsögnum um tillögurnar og bárust fjölmargar athugasemdir frá skólaráðum, foreldraráðum, foreldrasamtökum, ungmennaráðum, hverfisráðum og sérfræðingum. Tekið var tillit til fjölmargra umsagna, s.s. um að of geyst væri farið í breytingar og undirbúningur ekki nægilegur.

Sameiningar skóla

Leikskólar

Sameiningar leikskóla hófust á vormánuðum. Nýir leikskólastjórar voru ráðnir 1. júní og hófu þeir störf í sameinuðum skólum 1. júlí. Jafnframt voru ráðnir nýir aðstoðarleikskólastjórar. Öllum stjórnendum sem misstu vinnuna var boðið nýtt starf. Þá voru framlög til Leikskólasviðs aukin um 500 milljónir til að mæta barnafjölgun í þjónustu dagforeldra og leikskólanna svo bjóða mætti öllum börnum fæddum 2009 leikskólavistun að hausti. Barnafjölguninni var líka mætt með viðbótahúsnæði við 10 leikskóla í borginni en skapa þurfti 215 ný leikskólapláss án nýbygginga. Unnið var að uppsetningu færanlegs húsnæðis yfir sumarmánuðina og lauk endanlegum frágangi í september. Á haustmánuðum kom í ljós að hægt var að innrita 230 börn fædd árið 2010 í leikskóla borgarinnar vegna þess viðbótahúsnæðis sem komið hafði verið upp.

Ný nöfn á sameinaða leikskóla

Eftt var til nafnasamkeppni meðal foreldra, starfsfólks og barna um ný nöfn á sameinaða leikskóla.

- Sameinaður leikskóli Bakka og Bergs fékk nafnið **Bakkaberg**
- Sameinaður leikskóli Fellaborgar og Völvuborgar fékk nafnið **Holt**
- Sameinaður leikskóli Furuborgar og Skógaborgar fékk nafnið **Furuskógur**
- Sameinaður leikskóli Laugaborgar og Lækjaborgar fékk nafnið **Laugasól**
- Sameinaður leikskóli Hlíðaborgar og Sólhlíðar fékk nafnið **Hlíð**
- Sameinaður leikskóli Ásborgar og Hlíðarenda fékk nafnið **Sunnuás**
- Sameinaður leikskóli Holtaborgar og Sunnuborgar fékk nafnið **Langholt**
- Sameinaður leikskóli Barónsborgar, Lindarborgar og Njálsholtar fékk nafnið **Miðborg**
- Sameinaður leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili í Ártúnsholti fékk nafnið **Ártúnsskóli**
- Sameinaður leikskóli Hamraborgar og Sólbakka fékk nafnið **Bjartahlíð**
- Sameinaður leikskóli Arnarborgar og Fálkaborgar fékk nafnið **Borg**
- Sameinaður leikskóli Hálsaborgar og Hálsakots fékk nafnið **Hálsaskógur**
- Sameinaður leikskóli Foldaborgar, Foldakots og Funaborgar fékk nafnið **Sunnufold**

Borgin tók yfir rekstur leikskólans **Mýri** í ágúst, en hann hafði verið sjálfstætt starfandi frá árinu 1989.



Grunnskólar

Fimm stýrihópar voru myndaðir á vormánuðum til að vinna að sameiningu grunnskóla og breytingum á skólastarfi. Þeir unnu að sameiningu Borgaskóla og Engjaskóla, Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla og Korpuskóla og Víkurskóla, sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Ártúnsholti, sameiningu unglíngadeilda í sunnanverðum Grafarvogi og breyttu skólastarfi í Vesturbæ. Hver hópur setti sér leiðarljós og vann náðið með skólasamfélaginu, nemendum, foreldrum og starfsfólki. Öll vinna stýrihópanna var jafnframt aðgengileg á sérstökum verkefnavef um sameiningu skóla og störf stýrihópanna. Reglulega voru sendir út upplýsingapóstar til foreldra og starfsmanna þessara skóla, svo og fundargerðir stýrihópanna. Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, leiddi starf hópanna fram til áramóta.

Skólastjórar við nýja sameinaða skóla voru ráðnir í byrjun nóvember. Brynhildur Ólafsdóttir var ráðin skólastjóri við nýjan sameinaðan skóla Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla, Jóhanna S. Vilbergsdóttir var ráðin skólastjóri við nýjan sameinaðan skóla Borgaskóla og Engjaskóla, Árný Inga Pálsdóttir var ráðin skólastjóri við sameinaðan skóla Korpuskóla og Víkurskóla og Rannveig Andrésdóttir var ráðin skólastjóri við sameinaðan leik- og grunnskóla og frístundaheimilis í Ártúnsholti. Sameinaðir skólar tóku svo til starfa 1. janúar 2012.

Sameinaðir grunnskólar fengu ný öfn

- Sameinaður leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili í Ártúnsholti fékk nafnið **Ártúnsskóli**.
- Sameinaður grunnskóli Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla fékk nafnið **Háaleitisskóli** með starfstöðvarnar **Álftamýri og Hvassaleiti**.
- Sameinaður grunnskóli Borgaskóla og Engjaskóla fékk nafnið **Vættaskóli** með starfstöðvarnar **Borgir og Engi**.
- Sameinaður Korpuskóli og Víkurskóli fékk nafnið **Kelduskóli** með starfstöðvarnar **Korpu og Vík**.



Nýr sameinaður sérskóli, Klettaskóli

Ný sameinaður sérskóli Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla tók til starfa 1. ágúst. Erla Gunnarsdóttir var ráðin skólastjóri nýja skólans sem til stendur að endurbæta stórlega til að mæta þörfum nemenda, s.s. með sundlaug, íþróttaaðstöðu og rými til frístundastarfs.

Ný sérdeild í Vogaskóla

Ný sérdeild fyrir nemendur með einhverfu tók til starfa í Vogaskóla haustið 2011 með 5 nemendum. Það er fjórða sérdeildin fyrir einhverfa nemendur við grunnskóla borgarinnar, hinar eru í Langholtsskóla, Hamraskóla og Fellaskóla.

Stefnumótun og starfsáætlun

Leikskólar

Í starfsáætlun Leikskólasviðs var lögð áhersla á að efla skapandi og fjölbreytt leikskólastarf í leikskólum borgarinnar. Starfshópar unnu að stefnumótun í málaflokkum eins og samstarfi skólastiga um málþroska og læsi, málefnum yngstu barnanna, foreldrasamstarfi og innra mati á leikskólastarfi. Meðal þess sem starfshópur um málþroska og læsi lagði til var að leik- og grunnskólar skilgreindu í auknum mæli samstarfsverkefni sem tækju mið af þeim aðferðum í námi barna sem henta best hvoru skólastigi. Einnig að haldin verði námskeið sem miði að því að hvetja leik- og grunnskóla í sömu hverfum til að taka ný skref í slíku samstarfi.

Á árinu var lögð áhersla á að bæta samstarf leikskóla og foreldra með því að halda fræðslufundi með stjórnendum leikskóla og hvetja til aukinnar þátttöku foreldra í leikskólastarfinu. Fleiri leikskólar bjóða nú upp á foreldravikur þar sem foreldrar koma inn í leikskólastarfið.

Unnið var að stefnumótun um innra mat í leikskólun og hófu 7 leikskólar undirbúning á því sviði.

Úthlutunarreglur vegna fatlaðra barna voru endurskoðaðar á árinu, en áhersla er sem fyrr á leikskóla án aðgreiningar.

Þeim leikskólum fjölga sem nýta nánasta umhverfi til útikennslu fyrir börnin og endurspeglar það aukna áherslu á umhverfismennt og umhverfisvernd. Þá hefur verið í forgangi að leikskólar setji sér áætlun um endurnýtingu og orkusparnað. Fylgst er með mælingum á magni sorps sem flutt er frá leikskólunum.

Unnið var að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í leikskólunum og gefin var út handbók um gönguleiðir í miðborginni, *Ævintýri á gönguför*. Þá tók sviðið ásamt fleiri fagsviðum tók þátt í undirbúningsvinnu vegna *Menningarfána*.



Foreldrar ánægðir með þjónustu leikskólanna

Viðhorfskönnun leiddi í ljós mikla ánægju meðal foreldra leikskólabarna með þjónustu leikskólanna og samskipti við starfsfólk þeirra. 97% foreldra telja að börnum þeirra líði mjög vel og séu ánægð í leikskólanum og 95% töldu samskipti við leikskólann vera góð. Þetta var umtalsvert meiri ánægja en mældist á árinu 2009 þegar síðast var gerð sambærileg könnun.

Afmæli skóla


Tveir leikskólar, Grænaborg og Tjarnaborg, fögnuðu stórafmælum á árinu og efndu til útihátíða af því tilefni í blíðviðrinu í júní. Grænaborg varð áttatíu ára og Tjarnaborg 70 ára.

Börn af erlendum uppruna


Fjármagni var úthlutað til 42 leikskóla vegna barna af erlendum uppruna. 25.000.000 voru til úthlutunar og fór stærsti hluti fjármagnsins til leikskóla með flest börn af erlendum uppruna. Í fjórum leikskólum var hlutfall barna af erlendum uppruna yfir 51% í fimm leikskólum var það yfir 31% og í átta leikskólum yfir 21%. Ekki var úthlutað til leikskóla með undir 10% barna af erlendum uppruna. Samkvæmt úthlutunarreglum frá 1. janúar 2011 var fjármagninu ætlað að mæta kostnaði við laun starfsmanna vegna fjölmenningslegrs leikskólastarfs, námsefniskaupa og/eða fræðslu til starfsfólks.



Algengustu þjóðerni barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur haustið 2011




Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum eftir hverfum haustið 2011



Dagforeldrar

Dagforeldrum fjölgaði til mikilla muna á árinu og voru um mitt ár rösklega 200 og höfðu ekki verið fleiri í tæpan áratug. Markvisst var unnið að því með námskeiðahaldi að stækka hóp dagforeldra vegna stórra barnaárganga 2009 og 2010 og mæta þar með þörf fyrir dagvistum yngstu barnanna. Dagforeldrum var líka auðveldað að starfa saman með tilboðum borgarinnar um afnot af vannýttu húsnæði.

Fjöldi barna hjá dagforeldrum og fjöldi dagforeldra 1. október 2011



Grunnskólar

Í starfsáætlun Menntasviðs voru helstu stefnuþættir kynntir undir fyrirsögninni Tíu rauðir þræðir og einn grænn. Áhersla var lögð á samstarfsverkefni leik- og grunnskóla með það að markmiði að efla málþroska og læsi. Einnig var unnið að því að samþætta hefðbundnar námsgreinar við listir og menningu og leitast við að gera barna- og unglingamenningu sýnilegri. Þá var unnið að því að efla foreldrasamstarf, s.s. með símenntun skólustjórnenda.

Lesskimanir og leiðir til að bæta námsárangur dregja

Lesskiman meðal grunnskólabarna í 2. bekk sýndi að 71% þeirra gætu lesið sér til gagns og er það besti árangur frá upphafi lesskimana sem hófust í grunnskólum borgarinnar árið 2002. Af þeim 1.241 nemanda í 2. bekk sem tók lesskimanarprófið taldist 875 geta lesið sér til gagns. Lesskimanir sýndu jafnframt að jákvæð fylgni er á milli árangurs í lesskimanum í 2. bekk og árangurs á samræmdu könnunarprófi í íslensku í 4. bekk.

Starfshópur, sem vann að því á árinu undir forystu Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur að leita leiða til að bæta námsárangur og líðan dregja í grunnskólunum, skilaði skóla- og frístundaráði skýrslu og tillögum. Hann lagði m.a. til að eftirfylgni með lesskimanum í 2. bekk og samræmdum prófum yrði bætt þannig að draga megi úr kynjamun í lestrarnámi og fækka markvisst þeim nemendum sem mælast undir 2. þrepi í læsisprófi PISA. Í greinargerði með þeirri tillögu kom fram að viðvarandi kynjamunur er í árangri í lestri, lesskilningi og íslensku til loka grunnskólans og að á lægstu þrepum í læsisprófi PISA séu þrefalt fleiri drengir (23,2%) en stúlkur (9%).

Tónvísindasmiðjur Bjarkar

Björk Guðmundsdóttir hrinti af stað skemmtilegu samstarfsverkefni í tilefni af útkomu hljómdisksins **Biophilíu**. Þetta voru tónvísindasmiðjur fyrir grunnskólanema sem haldnar voru í samstarfi Reykjavíkurborgar, Airways-tónlistarhátíðinarr og Háskóla Íslands. Nemendur úr 5. 6. og 7. bekk tóku þátt í þessum smiðjum, þar sem tónmenntakennarar, náttúrufræðikennarar, skólahljómsveitarstjórar og vísindamenn leiddu nemendur inn í tónheim **Bíóphilíu**. Verkefninu verður áfram haldið í öllum grunnskólum borgarinnar og í barnamenningarstarfi.



Námsflokkar Reykjavíkur

Hjá Námsflokkum Reykjavíkur stunduðu 271 nám á árinu 2011, auk þess sem fjölmargir aðrir leituðu til Námsflokka eftir náms- og starfsráðgjöf í samtals 1860 viðtölum. Þar eru nú 9 starfsmenn auk 12 kennara sem eru verktakar

Námsframboð Námsflokka Reykjavíkur skiptist í fimm flokka:

1. Átaksverkefni, Kvennasmiðja, Karlasmíðja og Grettistak, 6–18 mánuðir. Verkefnin unnin samkvæmt samningum við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
2. Ungmennaverkefni, Námskraftur og Starfskraftur, verkefni unnin í samstarfi við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Mennta- og menningamálaráðuneyti og Fjölbautaskólann við Ármúla.
3. Námsbrú, fyrstu áfangar framhaldsskóla, einkum ætlað nemendum sem hafa lokið námi í átaksverkefnum NR.
3. Fjölmennarverkefni, verkefni unnin í samstarfi við Fjölmennt sniðin að þörfum nemenda með þroskahömlun eða geðraskanir.
4. Grunn nám, opin verkefni, aðgengileg öllum fullorðnum.

Í nóvember var undirritaður samningur milli Námsflokka Reykjavíkur, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fjölbautaskólans í Ármúla um námsframboð fyrir framhaldsskólanemendur sem horfið hafa frá námi. Námsflokkarnir hafa þróað sérhæfðar námsbrautir sem byggja á því að skapa samfelldan skóladag með námsáföngum í stærðfræði, listum, heimspeki og íslensku, auk markvissrar námsráðgjafar. Samningurinn gildir til vors 2013 og miðar að því að stemma stigu við brottfalli úr framhaldsskóla.

Starfsemi Námsflokka fluttist á árinu í ný og rúmgóð húsakynni á Suðurlandsbraut 32.

Skólahljómsveitir

Reykjavíkurborg rak á árinu 4 skólahljómsveitir og 1 tónlistarskóla, Tónlistarskólann á Klébergi. Þá veitti borgin reglubundin fjárframlög til einkarekinnna tónlistarskóla. Skólahljómsveitirnar fjórar starfa í Vesturbæ-Miðbæ, Austurbæ, Árbæ-Breiðholti og Grafarvogi. 443 nemendur stunduðu nám í skólahljómsveitum haustið 2011, starfsmenn voru 47 í rúmlega 20 stöðugildum, þar af 4 stjórnendur.

Tónlistarskólar

Tónlistarskólar, sem eru með þjónustusamninga við Reykjavíkurborg, starfa eftir aðalnámskrá tónlistarskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu. Alls hlutu 18 sjálfstætt starfandi tónlistarskólar föst rekstrarframlög frá borginni á árinu 2011. Reykvískir nemendur tónlistarskólanna voru rúmlega 3.140 á öllum aldri að meðtöldum reykvískum nemendum í tónlistarskólum í öðrum sveitarfélögum sem borgin greiðir með.

Á árinu leit dagsins ljós ný stefnumótun Reykjavíkurborgar um tónlistarfræðslu. Meginmarkmið hennar eru að tryggja jafnræði til tónlistarnáms og metnaðarfulla kennslu fyrir börn og ungmenni. Jafnframt urðu þáttaskil í fyrirkomulagi tónlistarnáms á mið- og framhaldsstigi þegar undirritað var samkomulag í maí á milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kostnaðarhlutdeild ríkisins í náminu. Felur aðkoma ríkisins í sér að framlög til málaflokksins aukast um allt að 250 m.kr. á ári og að sveitarfélögin tryggja að nemendur geti stundað nám sitt án tillits til búsetu.



Fjöldi grunnskólanemenda í sérskólum frá 2009 - 2011

	2009	2010	2011
Brúarskóli	30	35	49
Klettaskóli	0	0	94
Safamýrarskóli	13	13	0
Öskjuhlíðarskóli	83	81	0
Samtals nemendur í sérskólum	126	129	143

1 Á vegum Brúarskóla eru einnig nemendur í Brúarseli, Dalbraut og Studlum.
Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli voru sameinadír í einn skóla, Klettaskóla, haustið 2011

Fjöldi grunnskólanemenda í sérhæfðum sérdeildum frá 2007 - 2011

	2007	2008	2009	2010	2011
Foldaskóli – fardeild fyrir börn með atferlisvanda ¹	12	16	23	29	33
Hlíðaskóli – táknaálssvið ²	21	19	18	17	17
Fellaskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ³	5	8	9	9	6
Hamraskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ⁴	5	6	7	8	8
Langholtsskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ⁵	8	9	8	9	8
Vogaskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ⁶	0	0	0	0	4
Réttarholtskóli/Bjarkarhlíð nemendur með félagslega erfiðleika og hegðunarvanda ⁷	6	7	0	0	0
Samtals nemendur í sérhæfðum sérdeildum	57	65	65	72	72

1 Fardeild sinnir einnig málefnum eins bekkjar í tveimur skólum en eru ekki taldir með

2 Á táknaálssviði Hlíðaskóla fá 4 nemendur stuðning sem ekki eru taldir með

3 Í deild einhverfra í Fellaskóla fá 3 nemendur stuðning sem eru ekki taldir með


4 Í deild einhverfra í Hamraskóla fær 1 nemandi stuðning sem er ekki talinn með

5 Í deild einhverfra í Langholtsskóla fá 2 nemendur stuðning sem eru ekki taldir með


6 Deild einhverfra í Vogaskóla var stofnuð haustið 2011

7 Bjarkarhlíð var lögð niður haustið 2009

Heildarfjöldi nemenda með kennslu í íslensku frá 2003



Fjöldi nemenda sem luku framhaldsskólaáföngum vorið 2011



Nemendur í 8., 9., og 10. bekkjum grunnskóla sem luku framhaldsskólaáföngum að vori 2009 til 2011 fjölgadi milli ára. Flestir nemendanna stunduðu nám í 10. bekk ásamt því að vera í framhaldsskólaáföngum eða um 77% nemenda vorið 2011. Flestir nemendur voru í valáföngum í stærðfræði.



Frístundastarf

Árið 2011 var haldið upp afmæli hjá ÍTR, en þá voru 25 ár liðin frá því að borgarstjórn ákvað að sameina íþróttaráð Reykjavíkur og æskulýðsráð Reykjavíkur undir eina stofnun sem hlaut nafnið íþrótt- og tómstundaráð. Haldin var afmælisveisla í formi leikjadags og sögusýningar á Ylströnd og í Nauthólsvík. Skrifstofa tómstundamála gerði heimildarmyndband um starfsemi á hennar vegum sem heitir **Hingað er gott að koma**. Það mun nýtast vel sem kynningarefni fyrir nema og aðra sem vilja kynna sér frístundastarf fyrir börn, unglunga og ungmenni á vegum Reykjavíkurborgar.

Unnið var að stefnumótun og framtíðarsýn frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Stefnumótunarvinnan hefur verið unnin samhliða miklum skipulagsbreytingum í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Framtíðarsýn frístundamiðstöðva og félagsmiðstöðva er orðin nokkuð skýr, en enn stendur yfir vinna við framtíðarsýn frístundaheimilanna.

Nýtt reiknilíkan fyrir starfsemi félagsmiðstöðva var unnið samhliða stefnumótuninni. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 var unnin út frá nýja reiknilíkaninu.

Fjöldi barna á frístundaheimilum í Reykjavík 1. október 2011

Frístundaheimili í Reykjavík árið 2011	Fjöldi barna
Askja	26
Álfheimar	97
Álftabær	72
Bakkasel	93
Brosbær	63
Dalbúar	43
Draumaland	93
Fjósið	130
Frístundaklúbburinn Garður	27
Frístundaklúbburinn Hellirinn	10
Frístundaklúbburinn Hofið	16
Frístundaklúbburinn Höllin	20
Frostheimar	190
Glaðheimar	130
Gulahlið	24
Halastjarnan	135
Hlíðaskjól	121
Hvergiland	56
Kastali	78
Kátakot	24
Klapparholt	88
Krakkakot	55
Laugarsel	182
Nedstaland	116
Regnbogaland	97
Selið	145
Simbað	63
Skólasel	66
Skýjaborgir	102
Sólbúar	153
Stjörnuland	105
Tígriðsbær	110
Töfrasel	123
Undraland	82
Vinafell	63
Vinaheimar	103
Vinasel	90
Víðisæl	66
Vík	67
Vogasel	81
Ævintýraland	55
	3460

Við stofnun skóla- og frístundasviðs þann 12. september 2011 fluttist rekstur frístundamiðstöðva í hverfum frá ÍTR á nýja sviðið. Samhliða fluttust 8 starfsmenn frá skrifstofu ÍTR á skóla- og frístundasvið, 4 af fagskrifstofu tómstundamála, 2 úr mannauðsþjónustu, 1 úr fjármálaþjónustu og 1 af skrifstofu sviðsstjóra.

Rösklega 3.400 börn á aldrinum 6-9 ára voru innrituð á frístundaheimili borgarinnar á haustmánuðum, en aldrei áður hafa jafn börn notið þessarar þjónustu. Könnun sem gerð var meðal foreldra sýndi mikla ánægju með frístundaheimilin. 88% foreldra töldu barn sitt mjög eða frekar ánægt á frístundahimilinu og 87% voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna. Alls svöruðu 1.103 foreldrar könnuninni.

Tvö frístundaheimili færðust undir rekstur skóla á árinu, Skólasel við Ártúnsskóla og Klapparholt við Norðlingaskóla. Stefnt er að því að auka samfellu í skóla- og frístundastarfi í þessum skólum enn frekar með verkefninu **Dagur barnsins**.


Samhliða sameiningu á unglिंगadeildum í skólum í Grafarvogi var unnið að undirbúningi á sameiningu félagsmiðstöðva við þá skóla.

Gjaldskrá frístundaheimila hækkadi og dregið var úr kostnaði við sumarnámskeið fyrir börn. Smíðavellir voru starfræktir með þeim hætti að launakostnaður var greiddur úr atvinnuátakssjóði.


Félagsmiðstöðvardagurinn

2. nóvember var **Dagur félagsmiðstöðvanna** haldinn hátíðlegur áttunda árið í röð, en í fyrsta sinn með félagsmiðstöðum um allt land. 24 félagsmiðstöðvar borgarinnar stóðu fyrir dagskrá í samstarfi við SAMFÉS. Markmið dagsins er að gefa ungum og öldnum tækifæri til að heimsækja félagsmiðstöðina í sínu hverfi, kynnast starfinu sem þar fer fram, unglिंगunum og viðfangsefnum þeirra.

Hlutfall skráðra barna í skipulagða frístundastarfsemi í Reykjavík árið 2011



Hlutfall ráðstafana frístundakorts miðað við skráningu árið 2011



Ráðstefnur og málþing

Vísindi og tónlist í leikskólastarfi

Vísindaleikir og leiðir til að efla áhuga ungra barna á tónlist voru til umfjöllunar á fagráðstefnu leikskólastarfsfólks 5. febrúar. Fjallað var um eðlisfræðikennslu og stjörnuskoðun í leikskólum, rafrænan tónlistarflutning, myndræn tónverk og hvernig örva má skapandi hugsun hjá ungum börnum. Vel á annað hundruð manns sóttu ráðstefnuna sem þótti takast vel.

Lærir hver af öðrum

Rösklega sex hundruð grunnskólakennarar sóttu öskudagsráðstefnuna 2011 þar sem yfirskrifin var **Lærir hver af öðrum**. Aðalfyrirlesari var Dr. Neil Hawkes sem fjallaði um hugmyndafræði, meginmarkmið og skipulag lífsmenntar (Value-Based-Education). Fimm málstofur voru í boði þar sem farið var í samþætta útikennslu, rathlaup, endurnýtingu í list- og verkgreinum og þematengda listgreinakennslu, íslenskukennslu fyrir alla, náttúrufræðikennslu á mið- og unglíngastigi og kennarann í skóla margbreytileikans. Ráðstefnan var haldin 9. mars á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu og var sem fyrr stærsti fagvettvangur grunnskólakennara í landinu.

Stóri leikskóladagurinn

Stóri leikskóladagurinn var haldinn í þriðja sinn 27. maí í samstarfi við Félag áhugafólks um skólaþróun, RannUng og Menntavísindasvið HÍ. Yfirskrift dagsins var **Nú er vetur úr bæ** og var boðið upp á áhugaverða fyrirlestra og fagsýningu úr 25 leikskólum borgarinnar í húsnæði HÍ við Stakkahlíð.

Segir margt af einum - námskeiðsdagur dagforeldra

Námskeiðsdagur dagforeldra var haldinn í fimmta skipti 25. mars og þótti vel heppnaður. 120 dagforeldrar í borginni sóttu námskeiðið þar sem fluttir voru fyrirlestrar um samskipti ungra barna, gildi útivistar og fleira.

Kubbarnir og samfélagið

Ráðstefna um einingakubba í leikskólastarfi var haldin í október. Þar var leitað svara við því hvaða gildi þessir vinsælu kubbar hafa fyrir menntun og þroska yngri barna. Um 300 leikskóla- og grunnskólakennarar sóttu ráðstefnuna.

„Pabbi minn er 30 ára og hann kann að leika sé“

Málþing um mikilvægi foreldrasamstarfs var haldið í Lauglækjaskóla 22. nóvember. Meðal fyrirlesara voru fræðimenn, kennarar, skólastjórnendur á fyrstu skólastigunum og foreldrar.

Höfuð í bleyti

Málþingið **Höfuð í bleyti** var haldið í Gerðubergi 6. maí og tókst afar vel en um 80 starfsmenn sóttu þingið. Alls voru 9 erindi kynnt og athyglisverð verkefni sem hafa verið í gangi á tómsundasviði. Markhópurinn var stjórnendur og reyndir starfsmenn á skrifstofu tómsundamála.

Vinsamlegt samfélag

Í október 2011 stóð samráðshópur um **Vinsamlegt samfélag** fyrir málþingi í Hlíðunni við Gufunesbæ. Þangað komu fulltrúar flestra starfsstada skóla- og frístundasviðs til að hefja formlega vinnu að verkefninu sem standa mun næstu þrjú ár. Markmið þess er annars vegar að efla það starf leik- og grunnskóla og frístundar sem stuðlar að vinsamlegu samfélagi meðal barna og starfsmanna og hins vegar að styðja við gerð virkra eineltisáætla og videigandi verkferla á starfsstöðum. Með vinsamlegu samfélagi er átt við samfélag þar sem framkoma allra einkennis af virðingu, samkennd og ábyrgð. Þar er einelti ekki líðið en þegar þörf krefur er tekið skipulega á því í samræmi við eineltisáætlun viðkomandi stofnunar og stefnu borgarinnar. Í framhaldinu eru fyrirhugaðir hverfufundir, ráðstefna og frekari vinna í samstarfi við Pestalozzi- áætlun Evrópuráðsins gegn ofbeldi í umhverfi barna.



Námskeið fyrir starfsfólk leikskóla 2011

Heiti/Inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
Námskeiðsbúðir fyrir leikskólustjóra í sameinuðum leikskólum	Leikskólustjórar í sameinuðum leikskólum	1	35	11
Námskeiðsdagur dagforeldra	Dagforeldrar	1	5	114
Námskeið um foreldrasamstarf	Leikskólustjórar og aðstoðarleikskólustjórar	3	2	72
Ef þú hétir Björn en ekki Björg? Um karlmenn í leikskólum	Starfsfólk leikskóla	1	2	29
Þjónandi forysta	Leikskólustjórar	1	2	25
Stefnumótun og stefnumiðuð stjórnun	Leikskólustjórar	1	1,5	25
Samtals		8	47,5	276

Auk ofantalinna námskeiða sótti starfsfólk í leikskólum ýmis námskeið sem voru haldin í samvinnu við Símenntunarsstofnun Kennaraháskóla Íslands. Einnig voru haldin starfstengd íslenskunámskeið á vorönn í samvinnu við önnur svið borgarinnar. Fagnámskeið voru haldin fyrir starfsfólk leikskóla í samvinnu við Eflingu og Mími-símenntun og boðið var upp á framhaldsnámskeið fyrir leikskólalíða um börn með sérþarfir. Starfsfólk leikskólaskrifstofu og starfsmannþjónustu bauð einnig upp á styttri námskeið og fyrirlestra í leikskólum.

Námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla 2011

Heiti/ Inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
Að mennta gegnum myndlist	Grunnskólakennarar	1	5	19
Bekkjafundir	Grunnskólakennarar	1	6	9
Breytingastjórnun	Skólustjórnendur	2	3	14
Byrjendalæsi - 1. ár	Grunnskólakennarar	1	36	58
Byrjendalæsi - 2. ár	Grunnskólakennarar	1	28	45
Byrjendalæsi - leiðtogar I	Grunnskólakennarar	1	48	11
Fjölbreytni lífvera	Grunnskólakennarar	1	10	10
Námskeið um foreldrasamstarf	Skólustjórnendur	1	16	80
Fræðslufundir um skjalamál	Skólustjórnendur og skólaritarar	5	3	113
Jákvæð sálfræði: Hamingjan í leik og starfi	Starfsmenn StRvk	1	4	16
Kennsluáðferðir í skóla margbreytileikans	Grunnskólakennarar	1	12	18
Kennsluforrit á vefnum	Grunnskólakennarar	1	6	14
Kvikmyndalæsi	Grunnskólakennarar	1	8	19
Laugarvarsla og skyndihjálp	Laugarverðir og starfsmenn skólasundlauga	1	8	13
Lesið í skóginn	Grunnskólakennarar	1	4	24
Lesröskun og áhrif á nám	Grunnskólakennarar	1	8	32
Lestur og ritun til náms	Grunnskólakennarar	1	30	15
Málstofa um heildarmat á skólastarfi	Stjórnendur SFS	1	4	80
Moodle	Grunnskólakennarar	1	5	15
Nám fyrir skólalíða í samstarfi við Framvegis	Skólalíðar	1	70	14
Námsáætlanir og námsmat	Grunnskólakennarar	1	4	29
Námserfðileikar vegna lesröskunar	Grunnskólakennarar	1	8	46
Power Point	Grunnskólakennarar	1	4	10
Rafmagnsfræði	Grunnskólakennarar	1	24	5
Rathlaup	Grunnskólakennarar	1	8	15
Samtalsfærni	Grunnskólakennarar	1	5	20
Skyndihjálp	Umsjónarmenn	2	8	22
Stærðfræðikennsla	Grunnskólakennarar	1	5	30
Umsjónarkennarinn	Grunnskólakennarar	1	5	26
Word og Power Point	Grunnskólakennarar	2	5	10
Þjónusta við einhverf börn í grunnskólum	Stuðningsfulltrúar	1	3	27
Öskudagsráðstefna	Grunnskólakennarar og skólustjórnendur	1		650
Samtals:		39	393	1509

Námskeið fyrir starfsfólk frístundamiðstöðva 2011

Heiti/ Inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
Leiðtogaskólinn	Verkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva	3	9	75
Almenn skyndihjálp	Starfsmenn á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum	2	4	40
Sálræn skyndihjálp	Verkefnastjórar frístundaheimila og félagsmiðstöðva	1	4	10
Velliðan og árangur	stjórnendanámskeið – Forstöðumenn, deildastjórar og rekstrarstjórar	3	3	70
Samtals:		9	20	195

Verðlaun

Barnabókaverðlaun menntaráðs

Kristjana Friðbjörnsdóttir fékk Barnabókaverðlaun menntaráðs 2011 fyrir bókina **Flateyjarbréfin** sem JPV gaf út. Verðlaun fyrir þýðingu komu í hlut Böðvars Guðmundssonar fyrir smásagnasafnið **Elskar mig – elskar mig ekki** eftir sautján norræna rithöfundu. Mál og menning gaf smásagnarsafnið út með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni. Valnefnd var að skipuð Margréti Kristínu Blöndal formanni, Líf Magneudóttur og Guðrúnu Höllu Sveinsdóttur og var þetta í 39. sinn sem þessi virðulegu verðlaun voru veitt.

Nemendaverðlaun

Í lok skólaársins afhenti Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs, nemendum, kennurum og skólustjórnendum nemenda- og hvatningarverðlaun ráðsins. Athöfnin fór fram í Seljaskóla. Alls fengu 36 grunnskólanemar og einn nemendahópur verðlaun fyrir að skara fram úr í námi, félagsstarfi eða á öðrum sviðum í sínum skólum. Þá fengu 17 grunnskólar verðlaun og viðurkenningu fyrir þróunarstarf og nýbreytni í skólustarfi.



Verðlaunahafar nemendaverðlauna

Helge Snorri Seljeseth úr Austurbæjarskóla.
Gabrielé Cibulskaité úr Álftamýrarskóla.
Lind Ólafsdóttir úr Álftamýrarskóla.
Hjörtur Hermannsson úr Árbæjarskóla.
Arnheiður Erla Guðbranddóttir úr Ártúnsskóla.
Malín Agla Kristjánsdóttir úr Borgaskóla.
Rosalie Rut Sigrúnardóttir úr Breiðholtsskóla.
Tómas Geir Elmarsson úr Dalskóla.
Pétur Freyr Kristmundsson úr Engjaskóla.
Ragnhildur Guðmundsd. Khorcai úr Fellaskóla.
Matthías Jónsson úr Foldaskóla.
Hópur 14 úr Fossvogsskóla.
Valdimar Orri Einarsson úr Hagaskóla.
Auður Bergsson úr Hamraskóla.
Elín Metta Jensen úr Háteigsskóla.
Diljá Sveinsdóttir úr Hlíðaskóla.
Hörður Brynjar Halldórsson úr Hólabrekkuskóla.
Daníel Arnar Þorsteinsson úr Húsaskóla.
Sólveig Þorsteinsdóttir úr Landakotsskóla.
Brynja Baldursdóttir úr Klébergsskóla.
Árni Þór Þorvaldsson úr Korpusskóla.
Agnes Guðrún Magnúsdóttir úr Landakotsskóla.
Fríða Arnardóttir úr Langholtsskóla.
Petrea Kristín Vignisdóttir úr Laugarlækjarskóla.
Birta Björg Heidarsdóttir úr Laugarnesskóla.
Veronika Steinunn Magnúsdóttir úr Melaskóla.
Kristína S. Unnsteinsdóttir úr Norðlingaskóla.
Alexander Guðmundsson úr Rimaskóla.
Helena Sveinborg Jónsdóttir úr Seláskóla.
Bogi Örn Jónsson úr Seljaskóla.
Chinyere Elínborg Uzo úr Skóla Ísaks Jónssonar.
Emý Sara Björnsdóttir úr Sæmundarskóla.
Karólína Rut Lárusdóttir úr Tjarnarskóla.
Jón Pálsson úr Víkurskóla.
Urður Gunnsteinsdóttir úr Vogaskóla.
Sigurður Einar Jónsson úr Ölduselsskóla.
Ian Anthony Catchcart-Jones úr Öskjuhlíðarskóla.

Hvatningarverðlaun

Þrjár skólar fengu Hvatningarverðlaun fyrir metnaðarfull þróunarverkefni:

- Árbæjarskóli fyrir verkefnið *Efling verklegrar kennslu í náttúruvísindum*.
- Korpuskóli fyrir verkefnið *Þarfasti þjónn nemandans*.
- Fossvogsskóli fyrir verkefnið *Leikir í frímínútum*.

Þrjú önnur verkefni grunnskólanna sem þóttu til eftirbreytni fengu jafnframt viðurkenningu m.a. verkefnið *Rathlaup í Laugarnesskóla*, *Langholtsskóla* og *Laugalækjarskóla* og *Kynfræðsla* fyrir nemendur með þroskahömlun sem kom í hlut Öskjuhlíðarskóla.

Formaður valnefndar var Óttarr Ó. Proppé varaformaður skóla- og frístundaráðs.

Íslenskuverðlaun

Á annað hundrað grunnskólanemar í Reykjavík tóku á degi íslenskrar tungu 16. nóvember við íslenskuverðlaunum skóla- og frístundaráðs. Athöfnin fór fram í Tjarnarsal Ráðhússins. Verndari verðlaunanna, frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti, afhenti verðlaunin ásamt Oddnýju Sturludóttur, formanni skóla- og frístundaráðs, og Mörtu Guðjónsdóttur, formanni nefndar um verðlaunin.

Kvikmyndaverðlaun

Fimm tíu myndir í flokki stuttmynda, hreyfimynda og heimildar- og tónlistarmyndbanda kepptu til verðlauna á TÖKU 2011. Í flokki stuttmynda eldri nemda fóru nemendur í Austurbæjarskóla með sigur af hólmi með myndina *Kona*. Nemendur í Hlíðaskóla sigruðu í yngri flokki með myndinni *Lífið er enginn dans á rósum*. Í flokki hreyfimynda fóru nemendur í Ölduselsskóla með sigur af hólmi í yngri og eldri flokki, en í flokki tónlistarmynda og heimildamynda sigruðu Réttarholtsskóli, Hlíðaskóli, Laugarlækjarskóli og Fossvogsskóli.



Háteigsskóli sigraði Skrekk

Háteigsskóli fór með sigur af hólmi í hæfileikakeppninni *Skrekk* með merkingarþrungnu og ljóðrænu atriði *Síðasta blóminu*. Jón Gnarr borgarstjóri afhenti sigurvegurinum hinn eftirsóttu verðlaunagrip í lok stórskemmtilegs úrslitakvölds í Borgarleikhúsinu þar sem 8 skólar kepptu til úrslita. Þetta er í fyrsta sinn sem Háteigsskóli sigrar í *Skrekk*, en sigurliðið hefur verið í valfagi í haust þar sem unnið var markvisst að því að setja upp sýningu fyrir hæfileikakeppnina. Í öðru sæti varð atriðið *Hundrað manna þorp* úr Langholtsskóla og þriðja sætið hreppti lið Réttarholtsskóla með atriðið *Ástandið*.

Skákmót SFS og TR

Rimaskóli varð Reykjavíkurreistari grunnskólasveita 2011, Melaskóli var í öðru sæti og Laugalækjarskóli í því þriðja. Rimaskóli sigraði einnig bæði í yngri og eldri flokki á jókaskákmóti Taffélags Reykjavíkur og skóla- og frístundasviðs. Í yngri flokki (1. – 7. bekkur) var slegið þátttökumet þar sem alls 34 sveitir tóku þátt. Í eldri flokknum var þátttakan á mótinu svipuð og undanfarin ár.

Styrkir

Leikskólar

10 umsóknir bárust um almenna styrki Reykjavíkurborgar vegna leikskólastarfs og voru veittir 5 styrkir, m.a. til RannUng (Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna) Myndlistaskóla Reykjavíkur, Náttúruskólans, og sameiginlegs menningarverkefnis fjögurra sviða Reykjavíkurborgar. Auk þess var veittur styrkur til einstaklinga til að kynna tónlist og leiklist í leikskólum.

Áherslan í styrkveitingum þróunarsjóðs þetta árið var á verkefni sem tengjast læsi leikskólabarna á margs konar þætti í lífi og starfi, með áherslu á listir og skapandi starf í leikskóla, sjálfsmynd og félagsfærni, náttúruvernd og umhverfisvitund og kynjamótun í umhverfi barna. 8 umsóknir bárust og var úthlutað til 7 verkefna.

Grunnskólar

Nær þrjátíu umsóknir bárust um almenna styrki menntaráðs skólaárið 2011-2012. Úthlutað var styrkjum til 6 verkefna fyrir alls 1,5 milljón króna. Hæsti styrkurinn rann til AHDH samtakanna, eða 400.000 kr. sem varíð var til námskeiðahalds fyrir kennara. Tveir styrkir, sem námu 300.000 kr. hvor, var úthlutað til nýsköpunarkeppni grunnskólanema og til foreldrasamtakanna SAMFOK sem ætla að standa fyrir fundarherferð til að vekja foreldra til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð þeirra á velferð barna í skóla og nánasta umhverfi.

Styrkir voru einnig veittir til Endurmenntunar HÍ vegna vísindanámskeiða fyrir 8-14 ára börn, Landssamtaka slökkviliðs og sjúkraflutningamanna vegna eldvarnarátaks meðal grunnskólabarna og til Íslenska stærðfræðifélagsins sem vinnur að því að koma upp hugtakasafni í stærðfræði á vefnum.

Alls bárust sextán umsóknir um þróunarstyrki menntaráðs og fengu tólf verkefni styrki sem námu samanlagt 3.590.000 kr.

Hæsti styrkurinn, 400.000 kr., var veittur til verkefnisins **Audlind til framtíðar** í Vogaskóla sem miðar að því að efla menningaruppeldi. Þá fengu verkefni sem stuðla eiga að betra foreldrasamstarfi styrki, svo og verkefni er snúa að menningararfinum, útinámi, skáklitinni og leiklist.

Við úthlutun þróunarstyrkja til leikskólastarfs 2011-2012 var lögð áhersla á verkefni er tengjast læsi leikskólabarna á margs konar þætti í lífi og starfi.

Gjaldskrárhækkanir

Gjöld vegna leikskólavistar og mataráskrift í grunnskóla hækkuðu í árslok um 12-13% samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2012. Þessar hækkanir miðuðu að því að halda í við verðlagsþróun.

Leikskólagjald fyrir átta stunda vistun var 1. janúar 24.500 kr. á mánuði, en var áður 21.764 kr. Skólamáltíðin í mótuneyti grunnskóla hækkaði úr 275 kr. í 310 kr. og varð þá mánaðargjaldið 6.200 kr.



Útgefið efni 2011

Leikskólastarf

- Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs 2011
- Ársskýrsla Leikskólasviðs 2010
- Samstarf foreldra og skóla – skýrsla starfshóps.
- Bæklingur á átta tungumálum um foreldrasamstarf.
- Greining tækifæra til að sameina stofnanir í lærdómsumhverfi barna – skýrsla starfshóps.
- Auður býr í barni hverju – leiðbeiningar fyrir starfsfólk skóla um stuðning við efnaminni fjölskyldur.
- Endurskoðaðar úthlutunarreglur vegna sérkennslu.
- Aukið samstarf leikskóla og frunnskóla um að efla málþroska og læsi – skýrsla starfshóps.
- Ævintýri á gönguför – leiðarvísir að vettvangsferðum leikskólabarna í Miðborginni.

Grunnskólastarf

- Stefna og starfsáætlun Menntasviðs 2011
- Ársskýrsla Menntasviðs 2010
- Náms- og kennsla nemenda með þroskahömlun – skýrsla starfshóps.
- Greining tækifæra til að sameina stofnanir í lærdómsumhverfi barna – skýrsla starfshóps.
- Skýrsla starfshóps um skólabjónustu á þjónustumiðstöðvum
- Auður býr í barni hverju – leiðbeiningar fyrir starfsfólk skóla um stuðning við efnaminni fjölskyldur.
- Stefnuþótun um tónlistarfræðslu
- Lesskimun í 2. Bekk
- Framkvæmd sérkennslu í almennum grunnskólum – könnun.
- Skýrsla starfshóps um námsárangur drengja
- Reglur um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila við trúar- og lífsskoðunarfélög.
- Aukið samstarf leikskóla og frunnskóla um að efla málþroska og læsi – skýrsla starfshóps.
- Skjalamál í grunnskólum – skýrsla starfshóps.
- Ævintýri á gönguför – leiðarvísir að vettvangsferðum leikskólabarna í Miðborginni.
- Gátlistar og viðmið vegna starfsreglna og áætlana sem reglugerðir með lögum kveða á um að skólar beri ábyrgð á.





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið